

Hverfisnefnd Naustahverfis

72. fundur, 22. mars. 2016

Fundur haldinn á Naustatjörn, kl. 20:00 – 21:30

Mættir; Anna Steinunn Þengilsdóttir, Herdís Hulda Guðmannsdóttir, Anna Rósa Halldórsdóttir, Gréta Huld Mellado.

Fundargerð ritaði Anna Steinunn Þengilsdóttir.

1. Mál síðasta fundar

Farið yfir mál síðasta fundar 71. Fundur 3.febrúar 2016, liði 2 og 3 um dagforeldra og Kjarnagötu sem vísað var af fundi bæjarráðs þann 3. mars til framkvæmdadeildar. Ekki hafa borist svör við þessum liðum um málin.

2. Grenndargámar

Fá upplýsingar um hvenær grenndargámarnir eru losaðir í hverfinu. Eru gámarnir í Naustahverfi of fáir miðað við hvað mikið er á stöðinni?. Mikil umræða hefur verið um grenndargámana bæði í Naustahverfinu og í öðrum nærliggjandi hverfum. Spurning hvort það þurfi að losa oftar eða hafa fleiri gáma?

3. Vorhátíð

Umræður um vorhátíðina og magn af vörum sem þarf fyrir það. Fara yfir það og senda á alla nefndarmenn og óska eftir styrkjum.